

Draugabandar og baráttumál Jóns Sigurðssonar

Nemendur í 8. bekk Vatnsendaskóla brugðu sér í bæjarferð ásamt kennaranum sínum og fóru á sýninguna Óskabarn – Æskan og Jón Sigurðsson sem nú stendur yfir í Þjóðmenningarhúsinu. Sýningin er sett upp í tilefni þess að 17. júní 2011 eru 200 ár liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar. Jóhanna Bergmann leiðsögumaður tók á móti hópnum í kjallaranum og fræddi nemendur um forsögu þessa fallega húss. Nemendur sýndu hornsteininum sérstakan áhuga, fengu að vita að hann væri holur að innan og geymdi sýnishorn af myntum gamalla tíma.

Sýningin um Jón Sigurðsson er í þremur sölum uppi á annarri hæð. Þar eru litríkar myndir, skúlptúrar og hnitmiðaður texti. Hönnun sýningarinnar er í höndum Sigurjóns Jóhannssonar myndlistarmanns en textinn eftir Brynhildi Þórarinsdóttur rithöfund. Krakkarnir í Vatnsendaskóla voru til fyrirmyndar og hlustuðu á Jóhönnu rekja uppvaxtar- og mótunarár Jóns í Arnarfirði og fjalla um dvölinu í Kaupmannahöfn og störf hans þar fyrir þjóðina. Í lok heimsóknarinnar fengu nemendur áhugavert verkefni sem vakti þá til umhugsunar um þjóðfélagið. Þeir áttu að íhuga og skrifa niður á blað hvaða baráttumálum þeir vildu beita sér fyrir í dag svo að samfélagið okkar, sem einmitt er í mikilli mótun um þessar mundir, fari batnandi og öllum geti liðið vel á Íslandi. Síðan var kveikt á kertum og hver nemandi bræddi vax og innsigliaði verkefnaþaðið upp á gamla mátann. Ólöf Ósk Óladóttir kennari safnaði blöðunum svo saman til frekari skoðunar og umfjöllunar í skólanum eftir heimsóknina.

Birta Jóhannesdóttir, Katrín Kemp Stefánsdóttir og Linda Björk Halldórsdóttir sögðust allar vera mjög ánægðar með sýninguna í Þjóðmenningarhúsinu. Þeim fannst myndirnar flottar og uppsetningin skemmtileg. Frásögnin um baráttumál Jóns fyrir sjálfstæði þjóðarinnar heillaði stúlurnar mest og vafðist verkefnið í lokin ekki fyrir þeim. Baráttumál Birtu var að bílprófsaldurinn yrði ekki hækkaður, Katrín sagðist vilja berjast fyrir auknum kvenréttindum og jafnréttismál voru Lindu hugleikin: „Allir eiga að hafa sama rétt á því sem þeir vilja gera.“ Sigurður Egill Sveinsson var heldur ekki í vafa um sín baráttumál. „Ég vil



berjast fyrir meiri náttúruvernd – það þarf að hlúa að fuglum í útrýmingarhættu og hafni má alls ekki drepa. Það þarf líka að minnka eyðingu skóga og leggja meiri áherslu á endurnýtingu pappírs,“ sagði Sigurður Egill. Hann var einnig mjög ánægður með sýninguna um Jón Sigurðsson og fannst áhugaverðast að fræðast um draugabanann Sigurð en föður Jóns var margt til lista lagt. Hann var prestur, bóndi og sjómaður en einnig draugabani.

Á stefnuskrá krakkanna í Vatnsendaskóla er síðan að taka þátt í ritgerðasamkeppni sem stendur yfir núna í febrúar meðal nemenda í 8. bekkjum grunnskólanna. Samkeppnin er samstarfsverkefni Afmælisnefndar Jóns Sigurðssonar og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Úrslit verða tilkynnt 19. mars en 100 viðurkenningar eru fyrir þátttöku og 10 bókaverðlaun fyrir bestu ritgerðirnar. Ritgerðirnar eiga að vera í samtalsformi en nemendur skrifa Jóni stutt bréf og segja frá áhugamálum sínum og daglegu lífi.



Birta, Linda Björk og Katrín Kemp heilluðust af baráttumálum Jóns.



Sigurður Egill vill láta huga betur að verndun fugla.

Hér má lesa nánar um ritgerðasamkeppnina.

Hér má nálgast fjölbreyttar kennsluhugmyndir sem Námsgagnastofnun hefur nýlega látið taka saman en efnið tengist Jóni Sigurðssyni og sjálfstæðisbaráttunni.